



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Forseti Alþingis Ásta R. Jóhannesdóttir Kirkjustræti 150 Reykjavík.	12. september 2012	12090031 SA/mb

Hjálögð fylgir skrifleg greinargerð þar sem fram koma viðbrögð Ríkisendurskoðunar við nýlegum pistli Margrétar Tryggvadóttur alþingismanns á vefmiðlinum Eyjunn um eftirlit stofnunarinnar með fjárreiðum stjórn málasamtaka. Svo sem lesa má um í greinargerðinni hefur stofnunin sitthvað við umfjöllun þingmannsins að athuga.

Í niðurlagi greinargerðarinnar eru samskipti Ríkisendurskoðunar og Alþingis gerð að umfjöllunarefni. Að undanförunu hafa einstakir alþingismenn ítrekað gagnrýnt Ríkisendurskoðun í fjölmiðlum. Í sumum tilvikum hefur gagnrýnin verið sett fram án þess að hún hafi áður verið borin upp við stofnunina. Eins og fram kemur í greinargerðinni tel ég ekki eðlilegt að þingmenn hagi samskiptum sínum við Ríkisendurskoðun, sem er undirstofnun Alþingis, með þessum hætti. Að mínu mati er ekki úr vegi að leita fyrirmynda í nágrannalöndunum um samskipti þjóðþinga og ríkisendurskoðana. Annars staðar á Norðurlöndum er t.d. fáheyrt að einstakir þingmenn gagnrýni ríkisendurskoðun opinberlega. Hins vegar er algengt að starfsmenn ráðuneyta og stofnana geri athugasemdir við störf og skýrslur slíkra stofnana, svo sem við er að búast.

Ég vil hér með vinsamlegast fara þess á leit við yður að þér beitið yður fyrir því að alþingismenn virði þau sjónarmið sem lýst er í greinargerðinni hvað þessi samskipti varðar.

Afrit:

Formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, Valgerður Bjarnadóttir.
Margrét Tryggvadóttir alþingismaður.